

Alþingi
Erindi nr. P 140/133
komudagur 14.11.2011

Alþingi
Nefndasvið
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Sýslumannsins í Vestmannaeyjum um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
88. mál.

Undirritaður hefur mótttekið bréf nefndasviðs Alþingis dags. 11. nóvember 2011 þar sem óskað er eftir umsögn hans á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (löggæslukostnaður).

Undirritaður sendir yður svohljóðandi:

a t h u g a s e m d i r

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lagastoð í 17. gr. fyrir innheimtu löggæslukostnaðar verði felld út úr lögunum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Á ári hverju er ein hæsta upphæð löggæslukostnaðar innheimt af embætti undirritaðs. Það kemur til af því að í Vestmannaeyjum er haldin stærsta leyfisskylda hátíð á landinu sem er þjóðhátíð Vestmannaeyja. Undanfarin ár hefur aukinn löggæslukostnaður vegna þessarar hátíðar numið 6-8 milljónum og leyfisskylda hefur borið stóran hluta af honum þó lögregluembættið hafi einnig tekið hluta á sig þar sem löggæslan hefur verið á víðara sviði en bara á hátíðarsvæðinu sjálfu.

Í grunninn er undirritaður alls ekki á móti því að sleppt sé að innheimta löggæslukostnað af útihátíðum eða öðrum samkomum, en varar sterklega við því að niðurfelling heimildarinnar getur haft í för með sér að löggæsla verði minni en verið hefur á þessum samkomum. Það má ekki gerast að þetta leiði til þess að öryggi gesta verði skert. Eina ráðið er að þeim embættum sem hafa þessar stóru leyfisskyldu hátíðir verði jafnframt bættur skaðinn á sérstökum fjárlagalið. Þó ber að varast að það fari í sama farið og 1998 að liðurinn galopnaðist fyrir alls kyns samkomur.

Ég get ekki varist því að benda á að á þessu máli öllu eru margar hliðar og margar gryfjur til að falla í.

Undirritaður telur að samræmi skorti á þessu sviði á margvíslegan hátt og gestir hátíða, einstök umdæmi lögreglu og ríkið sjálft sitji alls ekki við sama borð varðandi þessar hátíðir.

Í fyrsta lagi er ekki heimilt að innheimta löggæslukostnað af bæjarhátíðum sem ekki eru leyfisskyldar. Aukin löggæsla sem óhjákvæmilega fylgir slíkum hátíðum oft og einatt er því algjörlega á kostnað viðkomandi liðs og getur komið hart niður á fjárhag þess. Hins vegar getur þetta einnig leitt til þess, sem að mínu mati er ekki betra, að löggæsla verður með minna móti og öryggi því skert á slíkum hátíðum. Þetta er auðvitað ekki boðlegt gestum hátíðanna né fjárhag viðkomandi lögregluliðs.

Í öðru lagi er er ekki sama hvort haldin er bæjarhátíð eða útihátíð. Langflestar bæjarhátíðir eru ekki leyfisskyldar í sjálfu sér, þar sem ekki er selt inn á þær. Þó geta einstakir viðburðir á slíkum hátíðum verið leyfisskyldar, ef selt er inn á þá. Þessi mismunur kallar á afar ólíka aðkomu lögreglu að hátíðunum og allt eftirlit, yfirlit og skipulag lögreglu verður erfiðara og óformlegra. Þetta er auðvitað ekki boðlegt gestum á hátíðunum og erfitt fyrir lögreglustjórn.

Í þriðja lagi eru sumar hátíðir undanþegnar virðisaukaskatti en aðrar ekki. Þannig eru tónlistarhátíðir undanþegnar en ekki fjölskylduhátíðir eða útihátíðir sbr. 4. tl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50 frá 1988 um virðisaukaskatt. Þetta leiðir til þess að samkomuhaldarar geta með þessu móti komist hjá því að greiða virðisaukaskatt þrátt fyrir að eðli þessara samkoma sé oft alls ekki fjarri öðrum hátíðum sem séu virðisaukaskattskyldar. Þetta er auðvitað ekki boðlegt fyrir ríkið né þá sem vilja reyna að standa í því að blása til slíkra samkoma.

Ég legg því til að lagafrumvarpið verði ekki samþykkt nema samsvarandi fjárveitingar fylgi til þeirra lögregluembætta sem hingað til hafa innheimt löggæslukostnað.

Vestmannaeyjum, 14. nóvember 2011
Virðingarfyllst,

Karl Gauti Hjaltason
Lögreglustjóri í Vestmannaeyjum